

# **Reglur fyrir geymslusvæði Snæfellsbæjar við námusvæði ofan Rífs**

## **1. gr.**

### **Almennt**

Reglur þessar eru um leigustæði á geymslusvæði við grjótnámu ofan Rífs. Ætlunin er að koma á móts við aðila sem þurfa geymslustæði fyrir gáma.

Leigutakar skulu uppfylla minnst eitt af eftirtöldum skilyrðum: eiga lögheimili í Snæfellsbæ, eiga fasteign í Snæfellsbæ eða vera með atvinnustarfsemi í Snæfellsbæ.

## **2. gr.**

### **Umsóknarferli og úthlutun**

Sækja skal um stæði fyrir gám á þar til gerðum eyðublöðum um stöðuleyfi. Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund gáma og skal umsóknarblað staðfest af umsækjanda. Tæknideild Snæfellsbæjar afgreiðir umsóknir í þeirri röð sem þær berast. Leigutaka er óheimilt að endurleigja úthlutuðu stæði til annarra. Tæknideild Snæfellsbæjar hefur umsjón með svæðinu og niðurröðun gáma á þau stæði sem eru til úthlutunar.

## **3. gr.**

### **Gjaldtaka**

Leigutaki fær lykil að svæðinu og skal leggja fram með staðgreiðslu 15.000,- króna tryggingu við afhendingu lykils. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma, eftir að stæðið hefur verið tæmt.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leigðu stæði er 1 mánuður m.v. 1. hvers mánaðar.

Leigugjald er innheimt einu sinni á ári, fyrirfram fyrir minnst eitt ár. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar uppá skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, einungis eru endurgreiddir heilir, óhafnir mánuðir. Svæðið er ekki vaktað og eru gámar á geymslusvæðinu alfarið á ábyrgð eigenda. Hafí gámar ekki verið sóttir innan 2ja mánaða eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall hefur orðið, áskilur leigusali sér rétt til að selja eigur viðkomandi aðila fyrir áföllnum kostnaði.

Leiguverð per ár er skv. gjaldskrá Snæfellsbæjar fyrir byggingarleyfis-, þjónustu-, og framkvæmdaleyfisgjöld.

Tæknideild Snæfellsbæjar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum verða reiknaðir dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

#### 4. gr.

##### Útlit, umgegning og aðstaða

Gámar á geymslusvæðinu skulu vera snyrtilegir og málaðir.

Leigutaka er skylt að ganga vel um svæðið og gæta að því að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum. Óheimilt er að geyma hluti ofan á eða umhverfis gáma sem eru á svæðinu. **Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæðisins við brottför.** Leigutaki skal skila sínu stæði í sama ásigkomulagi og við afhendingu.

Leigutaki ber einn ábyrgð á því sem hann geymir á svæðinu. Leigutaki þarf að ganga þannig frá að ekki skapist slysa- eða fokhætta. Leigutaki ber alla ábyrgð á þeim skemmdum sem eigur á hans vegum valda.

Hvorki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu. Svæðið er eingöngu geymslusvæði en ekki vinnusvæði.

**Geymsla spilliefna á svæðinu er með öllu óheimil.**

Heimilt er að synja um geymslu gáma sem ekki uppfylla ákvæði 4. greinar.

#### 6. gr.

Reglur þessar eru fyrir geymslusvæði við grjótnámu ofan Rífs og taka gildi frá 1.janúar 2023. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. **Geymslusvæðið er í nágrenni við námusvæði þar sem unnið er við sprengingar og með sprengiefni og þar er umferð vegna grjót- og efnisflutninga.**

Brot á ofangreindu varða ákvæði í 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

**Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 8. desember 2022**